

46. fundur

29. nóvember 2012 kl. 20:00

Fundarstaður Brugghúsbarinn. Mætt voru Erlendur Steinar Friðriksson, Jón Erlendur Jóhannsson og Hildur Friðriksdóttir.

Þrjú mál voru á dagskrá;

1. Snjómokstur á eyrinni
2. Yfirferð á ljósmyndum
3. Aðalfundur hverfisnefnd Oddeyrar

1. Snjómokstur á eyrinni

Það er álit hverfisnefnd Oddeyrar að margt megi betur fara í snjómokstri á hverfinu og var þeirri hugmynd varpað fram að hverfisnefndin byði fram aðstoð við tilhögun á snjómokstri í formi ábendinga. Nefndin leggur sérstaka áherslu á að gangleiðir í kringum skólann verði settar í forgang.

2. Yfirferð á ljósmyndum

Hverfisnefnd Oddeyrar fór í þrjá leiðangra um hverfið síðastliðinn vetur og sumar þar sem teknar voru ljósmyndir af því sem þótti vera lýti á hverfinu og eins því sem var til fyrirmyndar. Ætlunin er að setja þetta saman í sýningarhæft form og birta á næsta aðalfundi hverfisnefndarinnar.

3. Aðalfundur hverfisnefnd Oddeyrar

Nefndarfólki kom saman um að stefnt skyldi að því að halda aðalfund í maí á næsta ári.

Fleiri mál voru ekki rædd og var fundi slitið kl. 21:00.